

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 87/2009

frá 3. júlí 2009

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2009 frá 29. maí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB frá 12. desember 2006 um varnir gegn mengun og spillingu grunnvatns ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 13ca (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„13caa. **32006 L 0118**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB frá 12. desember 2006 um varnir gegn mengun og spillingu grunnvatns (Stjtið. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 19).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/118/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júlí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 29, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 19.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.